

# Skólaráð Smáraskóla 2016-2017



Fjórði fundur skólaráðs þann 16.02.2017 kl. 8:00 í Melkoti.

Skólaráð skipa eftirtaldir fulltrúar skólaárið 2016-2017. (Mættir fulltrúar eru feitleitraðir).

**Friðþjófur Helgi Karlsson skólastjóri, Árni Árnason fulltrúi foreldra, Guðlaug Harpa Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra, Guðmundína Kolbeinsdóttir fulltrúi kennara, Hrefna Óskarsdóttir fulltrúi kennara, Ingibjörg Birna Ólafsdóttir fulltrúi foreldra/grenndarsamfélagsins, Ingibjörg Bragadóttir fulltrúi annars starfsfólks, Erika Gísladóttir fulltrúi nemenda, Anna Lena Halldórsdóttir fulltrúi nemenda og Anna María Skúladóttir áheyrnarfulltrúi.**

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2017 – 2018: Skóladagatal næsta skólaárs lagt fyrir, smá tilfærsla hefur orðið frá síðasta skólaráðsfundi. Dagatalið var samþykkt.
2. Skólamatur: Niðurstöður kannanna frá Skólamat kynntar. Hugmynd um að fá fulltrúa frá Skólamat á næsta skólaráðsfund. Mögulega þyrfti að skipa hópa og heyra hvað nemendum finnst slæmt við matinn þar sem 18% nemendur upplifa matinn slæman eða mjög slæman.
3. Skólalóðin: Ekki verður farið í framkvæmdir á skólalóðinni hjá okkur í sumar. Rætt var um að mögulega yrði farið í undirbúningsvinnu næsta haust þ.e. að setja á laggirnar starfshóp þar sem allir aðilar skólasamfélagsins eiga sæti í.
4. Aðbúnaður og öryggi: Friðgeir húsvörður kom inn á fundinn. Húsgögnin hjá okkur eru orðin löskuð og þarf að endurnýja þau við fyrsta tækifæri. Íslandsbanki er að flytja í nýtt húsnæði og er þar með að endurnýja húsgögnin, Ingibjörg ætlar að senda á rekstrardeild Íslandsbanka og athuga hvort skólinn geti fengið einhver húsgögn s.s. kennarastóla til okkar. Skjávarpar er komnir í allar stofur/kennslurými. Verið er að skoða breytingu á bókasafni. Slökkviliðið er nýbúið að taka út brunavarnir, hurðar inn á gangina halda ekki ef upp kemur eldur en það mun ekki hafa áhrif á nemendur/starfsfólk heldur einungis eignartjón. Vart hefur verið við mýs í skólanum í vetur (tvisvar sinnum) en þær hafa verið fangaðar strax. Á horninu hjá Lindarsmára er mjög blint horn bæði vegna þess að tré skyggja á og vegna myrkurs.
5. Námsmat: Fulltrúi foreldra kvartar undan því að kynning á nýju námsmati til foreldra sé engin. Þarf að bæta úr því, spurning um að fá fulltrúa frá MMS til að halda kynningu fyrir foreldra. Menntamálastofnun er með netsíðu sem hægt er að fara inn á og sækja sér allar upplýsingar um námsmatið. Framhaldsskólarnir eru ánægðari með bókstafamatið og finnst meira að marka það heldur en tölustafamatið sem var hér áður fyrr. Fulltrúi foreldra bendir á skyldu Kópavogsbæjar varðandi námsmat, það er ekki einungis ábyrgð skólanna sjálfra að upplýsa foreldra.
6. Önnur mál:

# Skólaráð Smáraskóla 2016-2017



Kjarabarátta kennara: Fulltrúi foreldra bendir á að betra væri ef kennarar gætu fengið frið til að kenna nemendum og hætta allri þessari pappírsvinnu eins og breytingar á hinu og þessu sbr. hæfniviðmið, nýtt námsmat og þess háttar, var ekki bara allt í lagi með það sem var áður. Að sjálfsögðu þurfa skólarnir að taka þátt í framþróun en velt var vöngum yfir því hvort allir skólarnir í landinu þurfi að vera að vinna sömu vinnu, getur þetta ekki verið meira unnið áður en þetta fer út í skólana.

Umferð kringum skólann: Vangaveltur um umferðina í hverfinu og kringum skólann eftir að Íslandsbanki opnaði skrifstofur í Turninum og þar munu með vorinu starfa 600 manns. Spurning um hvort bærinn hefur skoðað þetta eitthvað, hægt að beina starfsfólki að keyra ekki í gegnum skólahverfið.

Styrkur frá foreldrafélagi: Foreldrafélagið á pening og er verið að skoða hvernig það getur styrkt skólann, m.a. er verið að skoða þjófavarnarkerfi fyrir félagsmiðstöðina. Kennari benti á að gott væri ef foreldrafélagið styrkti skólann með dýr námsgögn eins og Nimcon kubba.

Flokkun á rusli: Breytingar hafa verið gerðar á flokkunarhætti heimila í Kópavogi. Foreldri furðar sig á því að skólarnir hafi ekki verið fengnir til að kenna börnum bæjarins að flokka eftir þessu nýja kerfi. Bent var á að bæklingar voru sendir inn á heimilin og foreldrar áttu að fræða börnin sín.

Fundi slitið kl. 9:25

Ritari: Anna María Skúladóttir